

laun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. nóvember 1984.

Nr. 225/1984. **Anna Norris**

gegn

Gunnari H. Pálssyni

Sigrúnu S. Pálsdóttur

Brynjólfi Ámundasyni

Guðrún Ámundadóttur

Sigmundi Ámundasyni og

Ingimar Ámundasyni

Kærumál. Erfðamál. Opinber skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 30. október 1984, sem barst Hæstarétti 15. nóvember 1984, hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur 26. október 1984. Krefst hann þess, „að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og *aðallega* að málinu verði vísað frá skiptaréttinum, en *til vara* að synjað verði kröfu um endurupptöku skipta í db. Þormóðs Guðmundssonar og töku bús hans til opinberra skipta.“ Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi kærðu fyrir skiptaréttinum og kærumálskostnaðar.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og þeim tildæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Með vísan til 71. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 26. október 1984.

I.

Í máli þessum, sem tekið var til úrskurðar, að loknum munnlegum málflutningi þann 11. október sl., krefst Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður þess fyrir hönd Gunnars H. Pálssonar, Hágörðum 24, Seltjarnarnesi, Sigrúnar S. Pálsdóttur, Stóragerði 6, Reykjavík, Brynjólfs Ámundasonar, Háaleitisbraut 17, Reykjavík, Guðrúnar Ámundadóttur, Eyjabakka 9, Reykjavík, Sigmundar Ámundasonar, Hjarðarholti 11, Selfossi, og Ingimars Ámundasonar, Melum, Svarfaðardal, að skipti á dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar, er lést 15. ágúst 1980, verði tekin upp að nýju og búið tekið til opinberra skipta. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili, Anna Norris, Bárugötu 22, Reykjavík, krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá skiptarétti, en til vara, að synjað verði um kröfu sóknaraðilja um endurupptöku skipta í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar. Í báðum tilvikum krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Í þinghaldi þann 13. júní 1984, þá er greinargerð varnaraðilja var lögð fram, töldu lögmenn aðilja ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um frávísunarkröfu varnaraðilja á því stigi málsins.

Sáttatilaunir í málinu hafa reynst árangurslausar.

II.

Málavextir eru þeir, að þann 2. febrúar 1933 gerðu hjónin Jónína Hansdóttir og Þormóður Guðmundsson með sér sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá, en þau létu ekki eftir sig niðja. Samkvæmt erfðaskránni átti hið langlífara að erfa hið skammlífara að öllum eignum, en að því langlífara látnu skyldi búinu skipt, „eins og það er þá, að jöfnu milli lögerfingja okkar beggja eftir lögunum eins og engin arfleiðsluskrá hefði verið gerð.“ Þessi erfðaskrá var notarialstaðfest.

Jónína Hansdóttir lést þann 6. apríl 1962. Samkvæmt erfðafjárskýrslu, dags. 11. júlí 1963, tók Þormóður arf eftir Jónínu sem einkaerfingi samkvæmt framangreindri erfðaskrá. Þá hefur verið lögð fram kvittun, dags. 11. nóvember 1963, fyrir því að þann dag hafi Þormóður greitt „erfðafjárskatt og skiptakostnað vegna skipta á búi sínu og eiginkonu sinnar Jónínu Hansdóttur, ...“

Þann 5. október 1964 gerði Þormóður erfðaskrá, þar sem segir:

„1. Fósturdóttir mín, Anna Norris (nú Bellere), Bárugötu 22 hér í borg, skal að mér látnum eignað íbúð 1. hæðar hússins Bárugötu 22 í Reykjavík ásamt 2 útigeymslum og bílskúr, sem fylgir húsinu, svo og hlutdeild í þvottahúsi í hlutfalli við stærð eignarhlutans. Þá skal hún og eignast innbú mitt í ofangreindri íbúð.

2. Systkinin Gunnar Hans Pálsson, Skaftahlið 4, Reykjavík og Sigrún Steinþóra Pálsdóttir, Bárugötu 22, Reykjavík, systurbörn konu minnar heitinnar, skulu sameiginlega og að jöfnu eignast íbúð efri hæðar (rishæðar) hússins Bárugötu 22 ásamt 1 útigeymslu og hlutdeild í þvottahúsi í hlutfalli við eignarhlutann.

3. Að öðru leyti fer um eignir mínar samkvæmt lögum.“

Arfleiðsluskrá þessi var notarialstaðfest.

Þormóður Guðmundsson gerir enn erfðaskrá þann 3. janúar 1979. Samkvæmt henni átti fyrrnefnd Anna Norris að erfa allar eigur hans, og er tekið fram, að erfðaskrá frá 5. október 1964 sé felld úr gildi. Þessi erfðaskrá var sem og hinar fyrri notarialstaðfest.

Þormóður Guðmundsson lést þann 15. ágúst 1980. Þann 12. febrúar 1982 veitti skiptaráðandinn í Reykjavík Önnu Norris leyfi til einkaskipta á dánarbúi Þormóðs, og í beiðni hennar til einkaskipta kom fram, að hún studdi arfstilkall sitt við erfðaskrá. Þann 23. september 1982 greiddi Anna Norris erfðafjárskatt vegna arftöku sinnar úr búinu, og samkvæmt erfðafjárskýrslu, dags. 22. sama mánaðar, eru einu eignir búins tvær íbúðir að Bárugötu 22, Reykjavík og Anna einkaerfingi í búinu.

Í vitnaskýrslu Jóns Brynjólfssonar, Bárugötu 20, Reykjavík, en hann aðstoðaði Önnu við skiptin eftir Þormóð, kemur fram, að áður en gengið var frá skiptum eftir Þormóð, lá fyrir vitneskja um allar erfðaskrárnar, þ.e. frá 1933, 1964 og 1979, og að Helga Jónsdóttir, þáverandi fulltrúi skiptaráðanda, sem tók við erfðafjárskýrslu, vissi einnig um þær.

Eins og áður er fram komið, voru hjónin Jónína Hansdóttir og Þormóður Guðmundsson barnlaus. Árið 1942 tóku þau í fóstur óskilgetna dóttur Körlu Nielsen á Akranesi, Önnu Norris, sem fædd var 1. nóvember 1942. Faðir hennar var talinn vera Jim Norris, breskur hermaður, sem hér mun hafa dvalist þá nokkru áður. Í greinargerð varnaraðilja er því haldið fram, að þau hjón hafi viljað ættleiða Önnu, en að það hafi verið erfitt, eins og á stóð, þar sem faðir þess var óþekktur dáti, sem aldrei hafi haft neitt samband við barn sitt og hafi því í stað ættleiðingar verið gerður samningur við móður Önnu árið 1945 um endurgjaldslaust fóstur hennar og menntun, þar til hún hefði náð sjálfræðisaldri. Í barnaskóla var Anna sögð Þormóðsdóttir, og er því haldið fram, að hún hafi verið nefnd Anna Þormóðs allt

til þess er hún giftist. Samkvæmt vottorði Hagstofunnar, dags. 23. maí 1984, er Anna skráð Norris frá 1958, en frá upphafi þjóðskrár 1952 til þess tíma var hún skráð sem Anna Nielsen.

Með bréfi, dags. 28. mars 1983, leitaði Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður upplýsinga skiptaráðenda um, hvort dánarbúi Jónínu Hansdóttur og Þormóðs Guðmundssonar hafi verið skipt. Í svarbréfi, dags. 6. apríl 1983, vísar skiptaráðandi um skipti á dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar til einkaskiptaleyfis og erfðafjárskýrslu Önnu Norris, en um skipti á dánarbúi Jónínu Hansdóttur segir: „Erfðafjárskýrsla eða önnur gögn varðandi skipti dánarbús Jónínu Hansdóttur hafa ekki fundist og í dánartilkynningabók embættisins frá 1962 er þess ekki getið, að frá skiptum hafi verið gengið.“

Með bréfi, dags. 19. apríl 1983, óskaði Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður fyrir hönd sóknaraðilja máls þessa, að dánarbúi Jónínu Hansdóttur yrði tekið til opinberra skipta, en umbjóðendur sína kvað hann vera lögerfingja Jónínu. Með bréfi, dags. 30. júní 1983, tilkynnti skiptaráðandi lögmanninum, að ekki væri unnt að verða við beiðni hans, þar sem „fyrir liggur að eignum búsins hefur verið skipt, sbr. meðfylgjandi ljósrit erfðafjárskýrslu nr. 202/1982, dags. 22. september 1982, í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar, nafnnúmer 9702-8664, ekkils Jónínu Hansdóttur, en hann lést hinn 15. ágúst 1980.“

Með bréfi, dags. 5. ágúst 1983, krafðist lögmaðurinn þess, að kveðinn yrði upp úrskurður um, hvort opinber skipti ættu að fara fram á dánarbúi Jónínu.

Í úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 15. september 1983, var málatalilbúnaður sóknaraðilja skilinn svo, að þess væri krafist, að dánar- og félagsbúi Jónínu Hansdóttur og Þormóðs Guðmundssonar verði tekið til opinberra skipta og „að einkaskipti í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar verði ógild.“ Lagði skiptarétturinn þann skilning í kröfugerðina, að verið væri að krefjast þess, að búi Þormóðs Guðmundssonar yrði tekið til opinberra skipta, til þess að arfstilkall lögerfingja Jónínu Hansdóttur í skjóli erfðaskrárinnar frá 2. febrúar 1933 gæti komið til úrlausnar. Hafnaði skiptarétturinn kröfunni á þeirri forsendu, að skiptum í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar hefði verið lokið þann 23. september 1982 og að hvorki í lögum nr. 3/1878 né öðrum lögum væri að finna stoð fyrir því, að heimilt væri eða skylt að endurupptaka skipti dánarbús eftir lok þeirra, þótt fyrir lægi ástæða til að ætla, að rangur aðili hafi að einhverju eða öllu leyti tekið arf.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur frá 15. september 1983 var kærður til Hæstaréttar og þess krafist, að „einkaskipti í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar verði ógilt og lagt fyrir skiptaráðandann í Reykjavík að taka

til opinberra skipta dánar- og félagsbú Þormóðs Guðmundssonar og Jónínu Hansdóttur.“

Hæstiréttur felldi hinn kærða úrskurð úr gildi með dómi, uppkveðnum 19. desember 1983, og lagði fyrir skiptaráðanda að taka málið til úrlausnar að nýju. Í forsendum hæstaréttardómsins segir: „Í 7. kapítula skiptalaga nr. 3/1878 er fjallað um erfingjaskipti. Í kafla þessum er m.a. svofellt ákvæði, sem er hluti 71. gr. laganna: „...Nú gefa sig síðar fram fleiri erfingjar, og geta þeir þá krafist þess, að búið sé tekið til opinberra skipta“. Af sambandi ákvæðisins við aðrar reglur 7. kafla verður ráðið, að því sé aðallega ætlað að taka til þess, ef erfingjar gefa sig fram, áður en einkaskiptum er lokið. Því hefur engu að síður verið beitt, þó að skiptum hafi verið lokið, og samræmist það almennum reglum íslensks réttar um endurskoðun ákvarðana skiptaréttar, ef nýjar upplýsingar koma fram. Verður því ekki fallist á röksemdir þær, er fram koma í forsendum hins kærða úrskurðar.

Eins og segir í hinum kærða úrskurði, var hagsmuna bréferfingjans Önnu Norris ekki gætt fyrir skiptarétti, þegar þar var fjallað um kröfu þá, sem hér er til úrlausnar.

Ekki verður séð, að skiptaráðandi hafi kannað hina sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá Þormóðs Guðmundssonar og Jónínu Hansdóttur, konu hans, frá 2. febrúar 1933, er hann leyfði einkaskipti og tók við erfðafjárskatti. Eftir gögnum þeim, sem fram hafa komið, eru líkur til, að sóknaraðiljar hafi, þegar Þormóður andaðist, átt rétt til að krefjast hluta eigna hans, en þörf er á frekari könnun málsins.“

Eftir uppkvaðningu hæstaréttardómsins kom í ljós, að einkaskiptum í dánarbúi Jónínu var lokið og að Þormóður hafði hinn 11. nóvember 1963 greitt erfðafjárskatt vegna hennar.

III.

Eins og áður er fram komið, eru kröfur sóknaraðilja þær, að skipti á dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar verði tekin upp að nýju og búið tekið til opinberra skipta. Þess er og krafist, að við þau skipti verði lögð til grundvallar erfðaskrá Þormóðs Guðmundssonar og konu hans, Jónínu Hansdóttur, frá 2. febrúar 1933 um arf til sóknaraðilja.

Kröfur sínar rökstyður lögmaður sóknaraðilja með því, að ekki hafi verið staðið löglega að skiptum á dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar. Hafi skiptaráðanda í það minnsta átt að vera ljós tilvist erfðaskrár þeirra hjóna frá 2. febrúar 1933 og að Anna Norris hafi vitað um hana og jafnframt að lög stóðu ekki til þess, að hún fengi meira en sem nam helmingi dánar- og félagsbús Þormóðs og Jónínu. Þá hafi Gunnar H. Pálsson, einn af sóknaraðiljum máls þessa, farið á fund skiptaráðenda skömmu eftir lát Þor-

móðs og fengið afrit af erfðaskránni frá 1933. Hafi hann tilkynnt munnlega, að erfingjar Jónínu myndu gæta réttar síns, þegar skiptameðferð hæfist.

Þá telur lögmaður sóknaraðilja, að einkaskipti séu ekki dómsathöfn og að heimilt sé fyrir skiptaráðanda að taka þau upp og að í hæstaréttardóminum frá 19. desember 1983 felist að taka hefði átt málið upp að nýju.

Lögmaður varnaraðilja byggir frávísunarkröfu sína á því, að í skiptalögum sé ekki sérstaklega kveðið á um það, hvort skiptaráðandi, sem framselt hefur dánarbúi til einkaskipta, geti breytt ákvörðun eftir skiptalok og tekið dánarbúið til opinberrar skiptameðferðar vegna þess, að fram kemur erfðatilkall af hendi manna, sem ekki tóku þátt í einkaskiptunum. Hann telur, að sú ákvörðun skiptaréttar að veita einkaskiptaleyfi og samþykka skipti á grundvelli þess og gildir arfleiðsluskrár sé í raun „res judicata“ um úrlausn þessa sakarnefnis. Jafnframt segir lögmaður varnaraðilja, að í málinu sé upplýst, að dómur Hæstaréttar sé reistur á röngum upplýsingum í greinargerðum til Hæstaréttar og forsendum skiptaréttar, því að í greinargerð sóknaraðilja sé því ranglega haldið fram, að vanræksla skiptaráðanda hafi valdið sóknaraðiljum réttarspjöllum. Varðandi fyrstu kröfur um skipti á dánarbúi Jónínu Hansdóttur vísar hann til bréfa, dags. 19. apríl 1983 á bls. 11 í dómskjali nr. 2, 5. ágúst 1983, á bls. 13 í sama dómskjali og 25. ágúst 1983 á bls. 14-15, en skiptum hafi lokið 20 árum áður, eða 11. júlí 1963. Fyrir Hæstarétti hafi sóknaraðili krafist skipta á dánar- og félagsbúi Þormóðs Guðmundssonar og Jónínu Hansdóttur og nú sé gerð krafa um endurupptöku á skiptum í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar. Með hliðsjón af framanrituðu telur lögmaður sóknaraðilja, að vísa eigi málinu frá dómi.

Kröfu um synjun rökstyður lögmaður varnaraðilja með sömu rökum og kröfu um frávísun og því, að sóknaraðiljar vissu um arfleiðsluskrár þeirra Jónínu og Þormóðs þegar eftir lát Þormóðs á árinu 1980. Hins vegar gáfu þeir sig ekki fram með erfðatilkall eftir Jónínu fyrr en tveim árum, sjö mánuðum og tveim vikum eftir lát Þormóðs og rúmum 6 mánuðum eftir lok einkaskipta. Með hliðsjón af þessu og því, sem fram hefur komið eftir uppkvaðningu hæstaréttardómsins frá 19. desember 1983, telur lögmaður varnaraðilja, að synja beri kröfu sóknaraðilja með vísun til 93. gr. og 96. gr. skiptalaga.

Þá telur lögmaður varnaraðilja að Þormóður hafi haft heimild til að ráðstafa öllum eignum sínum að sér látnum, þar sem erfðaskráin frá 1933 hafi verið fallin niður vegna brostinna forsendna. Segir lögmaðurinn, að þegar erfðaskráin frá 2. febrúar 1933 var gerð, hafi þau Jónína Hansdóttir og Þormóður Guðmundsson verið barnlaus, eins og erfðaskráin ber með sér, og barnleysið sé forsenda fyrir gerð erfðaskrárinnar. Þessar forsendur breyttust árið 1942, þegar þau hjón tóku í föstur óskilgetna dóttur Körtu

Nielsen, Önnu Norris, sem er fædd 1. nóvember 1942, en faðir hennar var talinn vera Jim Norris, breskur hermaður, sem hér dvaldist nokkru áður. Segir lögmaðurinn, að þau hjón hafi viljað ættleiða barnið, en það hafi verið erfitt, þar sem faðir þess var „óþekktur dáti,“ sem aldrei hafði samband við barn sitt. Segir lögmaðurinn, að í stað ættleiðingar hafi hjónin gert samning, við móður Önnu um endurgjaldslaust föstur hennar og menntun, þar til hún hefði náð sjálfræðisaldri, á árinu 1945. Segir lögmaðurinn, að samningurinn og áframhaldandi samband fösturbarns og fösturforeldra, eftir að Anna varð sjálfráða, sé í raun ígildi ættleiðingar. Til frekari áréttingar er bent á, að eftir að föstufaðir Önnu var orðinn einn og óvinnufær fyrir aldurs sakir, flytji Anna aftur til Íslands og annist um hann, þar til hann lést.

Þá telur lögmaðurinn, að Jónína og Þormóður hafi frá upphafi litið á Önnu sem eigin dóttur og hafi ætlað henni öll réttindi sem slíkri. Þá hafi hún í barnaskóla verið skráð Þormóðsdóttir og ætíð nefnd Anna Þormóðs, þar til hún giftist.

IV.

Í máli þessu liggur fyrir, að hjónin Jónína Hansdóttir og Þormóður Guðmundsson gerðu erfðaskrá 2. febrúar 1933, sem var notarialstaðfest. Í 2. gr. erfðaskrárinnar kemur fram, að að því látinu, sem lengur lifir, skuli búinu skipt, eins og það þá er að jöfnu milli lögerfingja beggja eftir lögunum, eins og engin arfleiðsluskra hefði verið gerð, og í 1. gr., að það, sem lengur lifir, skuli erfa allar eftirlátnar eignir þess skammlífari.

Í máli þessu hefur ekkert komið fram, sem bendir til, að erfðaskrá þessari hafi verið breytt eða hún felld úr gildi, og er Jónína lést á árinu 1962 tók Þormóður allan arf eftir hana með vísun til erfðaskrárinnar.

Árið 1942 tóku Jónína og Þormóður fösturdóttur, Önnu Norris, og gengu árið 1945 frá föstursamningi við móður hennar, þar sem þau taka að sér að fóstta meðgjafarlaust og kosta skólagöngu Önnu til 16 ára aldurs. Í málinu er því haldið fram, að samningurinn um föstur og áframhaldandi samband Önnu við fösturforeldra, eftir að hún varð sjálfráða, sé ígildi ættleiðingar, en erfitt hafi verið að koma ættleiðingu við, þar sem faðirinn var „óþekktur dáti,“ og með hliðsjón af því sé erfðaskráin fallin niður vegna brostinna forsendna.

Jónínu og Þormóði mátti vera það ljóst, að með föstursamningnum stofnaðist ekki erfðaréttur og ef til stóð að hún erfði þau þyrfti annaðhvort að koma til breyting á erfðaskránni frá 1933 eða að Anna yrði ættleidd. Fæst ekki séð, að til staðar séu brostnar forsendur fyrir gildi erfðaskrárinnar frá 2. febrúar 1933, enda, eins og áður segir, lá hún til grundvallar við

skipti eftir Jóninu. Ef hugur þeirra hjóna stóð til að ættleiða Önnu, er ljóst, að aðrar ástæður en lagahindranir komu í veg fyrir það.

Hæstiréttur hefur í máli þessu þegar tekið afstöðu til þess, að lög standi ekki í vegi fyrir því, að hægt sé að taka skipti upp að nýju, þótt einkaskiptum sé lokið og erfðafjárskattur greiddur, og því vafasamt, að lengur sé til „dánarbús“ í venjulegum skilningi þess orðs. „res judicata“ er því ekki til staðar í máli þessu.

Í forsendum úrskurðar skiptaréttar Reykjavíkur frá 15. september 1983, sem kærður var til Hæstaréttar, er vikið að þeim tíma, sem leið frá andláti Þormóðs og þar til sóknaraðiljar gerðu kröfur í máli þessu vegna hugsanlegs réttar síns. Í máli þessu hefur komið fram, að sóknaraðiljar vissu fljótlega eftir andlát Þormóðs um erfðaskrána frá 1933, og þeir hafa haldið því fram, að þeir hafi skýrt skiptaráðanda munnlega frá því, að þeir myndu gæta réttar síns við skipti á dánarbúi hans. Það er fyrst rúmum tveimur og hálfu ári síðar og sex mánuðum eftir lok einkaskipta sem sóknaraðiljar láta næst frá sér heyrar.

Í dómi Hæstaréttar frá 19. desember 1983 í framangreindu kærumáli er ekki vikið að þessu tómlæti sóknaraðilja. Verður hætaréttardómurinn ekki skilinn öðruvísi en svo, að framangreint aðgerðarleysi komi ekki í veg fyrir, að fallist verði á kröfur sóknaraðilja í máli þessu.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, ber að taka upp skipti á dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar, sem lést 15. ágúst 1980, og taka búið til opinberra skipta.

Ekki verður talið með hliðsjón af því, sem fram er komið í málinu, að Anna Norris hafi tekið arf eftir Þormóð með sviksamlegum hætti. Af þeirri ástæðu og því, hversu seint sóknaraðiljar hafa uppi kröfur í málinu, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Með úrskurði, uppkveðnum 7. ágúst 1984, vék Jón Skaftason yfirborgar-fógeti sæti í máli þessu. Með bréfi, dags. 19. september 1984, var Þorsteinn A. Jónsson, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, skipaður setudómari í framangreindu skiptaréttarmáli. Hefur hann farið með málið frá þeim tíma og kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Taka ber upp skipti á dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar, er lést 15. ágúst 1980, og taka búið til opinberra skipta.

Málskostnaður fellur niður.